

HS Veitur hf.

Ársreikningur  
31. desember 2015

HS Veitur hf.  
Brekkestíg 36  
260 Reykjanesbær

Kt. 431208-0590

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3
Áritun óháðra endurskoðenda .....	4
Yfirlit um heildarafkomu .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Eiginfjárfirlit .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningur HS Veitna hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins 5.848 millj. kr. (2014: 5.276 kr.) og nam heildarhagnaður ársins 779,8 millj. kr. (2014: 804,3 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 20.305 millj. kr. þann 31.12.2015 (31.12.2014: 19,178 millj. kr.). Eigið fé nam 8.525 millj. kr. eða 42% af heildarfjármagni (31.12.2014: 10.195 millj. kr. og 53,2%), arðgreiðsla ársins nam 450 millj. kr. Auk þess voru keypt eigin hlutabréf fyrir 2.000 m.kr.

Hluthafar félagsins voru 4 í lok ársins en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjanesbær .....	50,10%
HSV Eignarhaldsfélag slhf .....	34,38%
Hafnarfjarðarbær .....	15,42%
Sandgerðisbær .....	0,10%

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til viðtökufélagsins þegar áætlunin var birt. Er því félagið ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr. þann 31. desember 2015. Í skýringu 25 er farið nánar yfir stöðu HS Orku hf.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2015.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg yfirlit um stöðu félagsins og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2015 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 19. febrúar 2016

Stjórn:

Forstjóri:

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

Til stjórnar og hluthafa í HS Veitum hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Veitna hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningssskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningssskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjanesbær, 19. febrúar 2016

**Deloitte ehf.**

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir  
endurskoðandi

## Yfirlit um heildarafkomu 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur .....	5	5.847.807	5.276.069
Kostnaðarverð sólu .....	(	3.940.678)	( 3.573.297)
<b>Vergur hagnaður .....</b>		<b>1.907.129</b>	<b>1.702.772</b>
Annar rekstrarkostnaður .....	6	( 594.868)	( 518.001)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>1.312.261</b>	<b>1.184.771</b>
Fjármunatekjur .....		170.971	144.161
Fjármagnsgjöld .....	(	563.072)	( 378.416)
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>	<b>9</b>	<b>( 392.101)</b>	<b>( 234.255)</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>920.160</b>	<b>950.516</b>
Tekjuskattur .....	10	( 140.406)	( 146.212)
<b>Heildarhagnaður ársins .....</b>		<b>779.754</b>	<b>804.304</b>
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	18	0,69	0,60

Skýringar á blaðsíðum 9 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
Rekstrarfjármunir .....	11	15.931.284	15.532.549
Oefnislegar eignir .....	12	463.533	480.087
Eignarhlutir í félögum .....	13	34.214	30.392
Fastafjármunir samtals		16.429.031	16.043.028
Rekstrarvörubirgðir .....	14	311.921	314.929
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	15	872.897	706.216
Handbært fé .....	16	2.691.415	2.114.081
Veltufjármunir samtals		3.876.233	3.135.226
<b>Eignir samtals</b>		<b>20.305.264</b>	<b>19.178.254</b>
<b>Eigið fé</b>	17		
Hlutfé .....		1.074.300	1.336.429
Lögbundinn varasjóður .....		268.575	334.107
Oráðstafað eigið fé .....		7.181.687	8.524.271
Eigið fé samtals		8.524.562	10.194.807
<b>Skuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir .....	19	8.443.216	6.019.842
Tekjuskattskuldbinding .....	20	1.193.706	1.146.227
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	22	530.323	568.950
Aðrar langtímaskuldir .....	21	504.018	395.545
Langtímaskuldir samtals		10.671.263	8.130.564
Vaxtaberandi skuldir .....	19	326.074	209.702
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	23	692.776	556.311
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	22	90.589	86.870
Skammtímaskuldir samtals		1.109.439	852.883
<b>Skuldir samtals</b>		<b>11.780.702</b>	<b>8.983.447</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>20.305.264</b>	<b>19.178.254</b>

## Eiginfjáryfirlit árið 2015

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
<b>Árið 2014</b>				
Eigið fé 1. janúar 2014 .....	1.336.429	334.107	8.169.967	9.840.503
Greiddur arður á árinu .....			( 450.000)	( 450.000)
Heildarafkoma ársins .....			804.304	804.304
Eigið fé 31. desember 2014 .....	<u>1.336.429</u>	<u>334.107</u>	<u>8.524.271</u>	<u>10.194.807</u>
<b>Árið 2015</b>				
Eigið fé 1. janúar 2015 .....	1.336.429	334.107	8.524.271	10.194.807
Lækkun hlutfjár .....	( 262.129)	( 65.532)	( 1.672.339)	( 2.000.000)
Greiddur arður á árinu .....			( 450.000)	( 450.000)
Heildarafkoma ársins .....			779.754	779.754
Eigið fé 31. desember 2015 .....	<u>1.074.300</u>	<u>268.575</u>	<u>7.181.686</u>	<u>8.524.561</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

## Sjóðstreymisyfirlit 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		1.312.261	1.184.771
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Langtímaskuldir, hækkun .....	8	108.473	64.181
Afskriftir .....		583.515	563.861
Niðurfærsla skammtímalíða .....	(	28.016)	( 27.777)
Söluhagnaður/(tap) fastafjármuna .....	(	37.318)	( 1.907)
Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta		1.938.915	1.783.129
Rekstrarvörubirgðir, (hækkun) /lækkun .....		3.008	( 97.489)
Skammtímakröfur, (hækkun) / lækkun .....	(	145.661)	( 92.417)
Skammtímaskuldir, hækkun / (lækkun) .....		132.841	163.014
Fyrirfram innheimtar tekjur, hækkun / (lækkun) .....	(	34.908)	( 19.748)
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og skatta+C20		1.894.195	1.960.819
Innheimtar vaxtatekjur .....		170.955	147.058
Greidd vaxtagjöld .....	(	350.250)	( 272.257)
Greiddir skattar .....	(	86.606)	( 0)
Handbært fé frá rekstri		1.628.294	1.835.620
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	(	1.000.868)	( 793.361)
Seldir fastafjármunir .....		72.490	2.311
Söluverð eignarhluta í öðrum félögum .....		0	0
Keypt hlutafé í öðrum félögum .....	(	3.822)	( 20.449)
Fjárfestingarhreyfingar	(	932.200)	( 811.499)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Ný langtímalán .....		2.645.050	0
Greiddur arður .....	(	450.000)	( 450.000)
Afborganir langtímalána .....	(	313.810)	( 204.289)
Keypt eigin bréf .....	(	2.000.000)	( 0)
Fjármögnunarhreyfingar	(	118.760)	( 654.289)
Hækkun á handbæru fé .....		577.334	369.832
Handbært fé í ársbyrjun .....		2.114.081	1.744.249
Handbært fé í lok ársins		2.691.415	2.114.081

Skýringar á blaðsíðum 9 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.



# Skýringar

## 1. Félagið

HS Veitur hf. er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

a. Ársreikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á kostnaðarverði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem greitt er fyrir undirliggjandi eignir.

### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

### d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á notkun reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 11 - rekstrarfjármunir

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

#### a. Erlendir gjaldmiðlar

##### *Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum*

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi, efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

#### b. Fjármálagerningar

##### (i) Fjáreignir og fjárskuldir

Til fjáreigna og fjárskulda teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður hluti af gangvirði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem hér greinir.

##### *Fjáreignir til sölu*

Fjáreignir til sölu eru fyrst og fremst eiginfjárgerningar sem eru langtímafjárfestingar. Fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði. Óinnleystur hagnaður eða tap vegna fjáreigna til sölu er fært á eigið fé að frádregnum sköttum, þar til eignin er seld, innheimt eða ráðstafað á annan hátt, eða þar til hún er virðisrýrð. Við ráðstöfun á fjáreignum til sölu, er uppsafnaður óinnleystur hagnaður eða tap á eigin fé endurflokkað í rekstur. Vaxta- og arðstekjur af fjáreignum til sölu eru færðar í rekstrarreikning. Eignarhlutar í félögum sem flokkaðir eru til sölu og markaðsverð verður ekki ákvarðað á virkum markaði eða metið með áreiðanlegum hætti, eru skráðir á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun.

##### *Lán og kröfur*

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkaðar sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar. Viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé félagsins falla í þennan flokk.

##### *Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

##### (ii) Hlutafé

##### *Almennt hlutafé*

Kostnaður við útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé.

## Skýringar, frh.:

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

#### c. Rekstrarfjármunir

##### (i) Færsla og mat

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand. Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálf innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

##### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

##### (iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Rafveitukerfi .....	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi .....	50 ár
Fasteignir .....	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir .....	5 - 20 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

#### d. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

##### (i) Nýtingarréttur

Nýtingarréttur er metinn á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun.

##### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er aðeins eignfærður ef hann eykur væntan framtíðarávinning þeirrar eignar sem hann tengist. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

##### (iii) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Nýtingarréttur .....	35 ár
----------------------	-------

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

#### e. Leigusamningar

Engir leigusamningar eru hjá félaginu.

#### f. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

#### g. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar er hreint gangvirði hennar eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er metið miðað við áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, sem endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þeirri áhættu sem fylgir eigninni.

#### h. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikninginn þegar hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti og þegar félaginu ber lagaleg skylda eða hefur tekið á sig skuldbindingu vegna fyrri atburðar og líklegt er að kostnaður lendi á því við að gera upp skuldbindinguna. Skuldbindingin er metin út frá væntu framtíðarfjárfæði, sem er núvirt með vöxtum sem endurspeglar markaðsvæxti og þá áhættu sem fylgir skuldbindingunni.

#### i. Tekjur

##### *Rekstrartekjur*

Tekjur af orkuflutningi og dreifingu og sölu vatns eru færðar í rekstrarreikning samkvæmt mældri afhendingu til kaupenda á tímabilinu. Á milli mælinga er notkun áætluð út frá fyrri reynslu. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið eða við afhendingu á vöru eða þjónustu.

##### *Tekjurammi*

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu, afskrift rekstrarfjármuna, rauntapi í dreifikerfi og arðsemi á fastafjármuni, fyrir vexti. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkudreifingu á dreifiveitusvæði félagsins.

##### *Tengigjöld*

Við tengingu á nýjum húsum við flutningskerfi orku eða við endurnýjun á tengingu er innheimt stofngjald af notendum. Stofngjaldið mætir kostnaði vegna nýrra dreifikerfa eða endurnýjunar þeirra. Tengigjöld eru tekjufærð á 15 árum. Tengigjöld sem ekki hafa verið tekjufærð eru færð sem fyrirfram innheimtar tekjur í efnahagsreikningnum.

## Skýringar, frh.:

---

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir frh.:

#### j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum og arðstekjum. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eignin er tilbúin til notkunar eða sölu. Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

#### k. Tekjuskattur

Tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann tengist liðum sem eru færðir beint á eigið fé, en þá er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningi annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

#### l. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útiistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða gefið út breytanleg skuldabréf.

#### m. Starfspáttayfirlit

Starfspáttur er þáttur innan félagsins sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og kallað á kostnað, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfspætti innan félagsins. Afkoma allra starfspátta félagsins er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum þess er skipt á starfspætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Afkoma starfspátta innifelur bæði tekjur og gjöld sem tengjast beint viðkomandi starfspætti sem og tekjur og gjöld sem hægt er með skynsamlegum hætti að úthluta á starfspætti. Ákveðnum liðum er ekki úthlutað á einstaka starfspætti. Er þar einkum um að ræða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, tekjur og gjöld af eignarhlutum og tekjuskatt.

Fjárfestingar starfspátta er heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

#### n. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Félagið hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir á þeim og breytingar á núverandi stöðlum sem eru í gildi í árslok 2015 og tengjast starfsemi félagsins. Innleiðingin hefur óveruleg áhrif á reikningsskil félagsins. Félagið hefur ekki innleitt fyrirfram alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir eða breytingar sem taka gildi eftir 31. desember 2015. Ekki er talið að upptaka þeirra muni hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins.

## Skýringar, frh.:

---

### 4. Stýring fjármálalegrar áhættu:

#### a. Yfirlit

Stjórn félagsins ber að innleiða áhættustýringu og hafa eftirlit með fjármálalegri áhættu þess.

Markmið félagsins með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem það býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna félagsins og aðferðir er yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins.

#### b. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta félagsins er einkum vegna viðskiptakrafna.

##### (i) Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta félagsins ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Flestir viðskiptamenn félagsins hafa átt í áralöngum viðskiptum við forvera þess og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptavina er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Innheimtustjóri skoðar reglulega tölulegar upplýsingar um breytingar á aldri viðskiptakrafna. Viðskiptamenn sem ekki standa í skilum geta ekki átt frekari viðskipti við félagið nema greiða niður skuldir sínar eða innheimtudeild félagsins samþykki frekari úttektir á grundvelli samkomulags.

Félagið myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýmunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

#### c. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor félagsins.

#### d. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerninga. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

##### (i) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins, tekjur og gjöld eru nær einvörðungu í íslenskum krónum.

##### (ii) Vaxtaáhætta

Lántökur félagsins eru allar með föstum verðtryggðum vöxtum. Snýr því vaxtaáhætta félagsins fyrst og fremst að áhættu vegna verðlagsbreytinga.

## Skýringar, frh.:

---

### 4. Stýring fjármálaeðrar áhættu, frh.:

#### e. Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar.

Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Í skuldabréfaflokki HSV 13/01 sem félagið gaf út á þessu ári er ákvæði þess efnis að það er heimild til gjaldfellingar bréfanna fari eiginfjárlutfall undir 35%.

#### f. Rekstraráhætta

Gjaldskrá fyrir dreifingu raforku er háð tekjuramma sem gefinn er út af Orkustofnun. Tekjuramminn byggir á rauntölum úr rekstri dreifiveitu í fimm ár, afskrift fastafjármuna, rauntöpum í dreifikerfi og 2015 er leyft WACC 5,26% (eigið fé 9,76% og lánsfé 3,34%), en án vaxta. Gjaldskrá er ákveðin miðað við tekjuramma og áætlanir um raforkusölu á dreifiveitusvæði félagsins. Áhætta félagsins af tekjuramma felst í því að tekjurammi er reiknaður út frá arðsemi fyrri ára og því kann til skamms tíma að myndast ójafnvægi á milli tekna og útgjalda.

Á grundvelli ákvæða laga og alþjóðlegra reikningsskilastaðla er ekki færð í ársreikninginn skuldbinding vegna hugsanlegra oftekinna tekna árána 2011 - 2015.

## Skýringar, frh.:

### 5. Starfspáttaryfirlit

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins. Enginn viðskiptavinur er með yfir 10% af heildartekjum ársins.

Árið 2015	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals .....	3.029.042	1.922.275	567.912	328.578	5.847.807
Rekstrarafkoma starfspátta .....	655.962	439.328	177.364	39.607	1.312.261
<b>Óskiptir liðir</b>					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....				( 392.101)	
Tekjuskattur .....				( 140.406)	
Heildarhagnaður ársins .....					779.754
Eignir starfspátta .....	10.793.883	3.272.358	2.224.444	104.132	16.394.817
Óskiptar eignir .....					3.910.447
Eignir samtals .....					20.305.264
Óskiptar skuldir .....					11.780.702
Fjárfestingar .....	666.285	160.100	39.588	134.895	1.000.868
Afskriftir .....	375.759	108.994	94.815	3.947	583.515
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					1.895.776
Árið 2014	Raforku- dreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Annað	Samtals
Rekstrartekjur samtals .....	2.775.179	1.729.558	539.821	231.511	5.276.069
Rekstrarafkoma starfspátta .....	782.406	204.641	165.948	31.776	1.184.771
<b>Óskiptir liðir</b>					
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....				( 234.255)	
Tekjuskattur .....				( 146.212)	
Heildarhagnaður ársins .....					804.304
Eignir starfspátta .....	10.124.054	3.256.208	2.299.710	103.568	16.012.636
Óskiptar eignir .....					3.165.618
Eignir samtals .....					19.178.254
Óskiptar skuldir .....					8.983.447
Fjárfestingar .....	424.664	56.733	25.086	346	793.361
Afskriftir .....	350.347	104.189	93.748	3.491	563.861
Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....					1.748.632



## Skýringar, frh.:

	2015	2014
<b>6. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun og launatengd gjöld .....	114.159	113.841
Hækkun langtímaskuldar .....	146.203	64.181
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	327.796	334.234
Afskriftir .....	6.710	5.745
Annars rekstarkostnaður samtals .....	594.868	518.001
<b>7. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Vinnulaun og stjórnarlausn .....	657.514	39.561
Hækkun langtímaskuldar .....	146.203	64.181
Framlag í lífeyrissjóð .....	70.503	4.580
Önnur launatengd gjöld .....	147.210	5.519
Laun og launatengd gjöld samtals .....	1.021.430	113.841
Stöðugildi að meðaltali .....	89	1
Laun stjórnar og forstjóra .....	46.377	44.141
<b>8. Afskriftir og virðisrýrnun</b>		
Afskriftir og virðisrýrnun greinast þannig:		
Afskrift rekstrarfjármuna, skýring 11 .....	566.960	547.306
Afskrift óefnislegra eigna, skýring 12 .....	16.555	16.555
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi .....	583.515	563.861
Afskriftir skiptast þannig í rekstrarreikningi:		
Kostnaðarverð sölu .....	576.805	558.116
Annar rekstrarkostnaður .....	6.710	5.745
Afskriftir færðar í rekstrarreikningi .....	583.515	563.861
<b>9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur .....	170.971	144.161
Fjármunatekjur samtals .....	170.971	144.161
Vaxtagjöld .....	( 380.398)	( 306.382)
Verðbætur .....	( 182.674)	( 72.034)
Fjármagnsgjöld samtals .....	( 563.072)	( 378.416)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	( 392.101)	( 234.255)

## Skýringar, frh.:

10. Tekjuskattur			2015	2014
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:				
Hækkun tekjuskattsskuldbindingar .....			47.479	59.606
Tekjuskattur til greiðslu .....			92.926	86.606
Gjaldfærður tekjuskattur .....			140.406	146.212
Frestaður tekjuskattur í rekstri greinist þannig:				
Breyting á tímabundnum mismun .....			47.479	59.606
			47.479	59.606
Virkt skatthlutfall greinist þannig:				
			2015	2014
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....			920.160	950.516
Skatthlutfall .....	20,0%	( 184.032)	20,0%	( 190.103)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu .....	( 4,9%)	44.724	( 3,8%)	36.301
Annað .....	0,1%	( 1.098)	( 0,8%)	7.590
Virkur tekjuskattur .....	15,2%	( 140.406)	15,4%	( 146.212)
<b>11. Rekstrarfjármunir</b>				
Rekstrarfjármunir greinast þannig:				
	Rafveitukerfi	Hitaveitu- og fersk- vatnskerfi	Fasteignir og aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2014 .....	11.248.635	5.726.600	789.380	17.764.615
Keypt á árinu .....	661.651	104.800	26.909	793.360
Selt á árinu .....	0	0	( 4.033)	( 4.033)
Staða 31.12.2014 .....	11.910.286	5.831.400	812.256	18.553.942
<b>Afskriftir</b>				
Afskriftir 1.1.2014 .....	1.455.059	802.121	220.537	2.477.717
Afskrifað á árinu .....	327.543	169.213	50.550	547.306
Selt á árinu .....	0	0	( 3.630)	( 3.630)
Staða 31.12.2014 .....	1.782.602	971.334	267.457	3.021.393
<b>Bókfært verð</b>				
1.1.2014 .....	9.793.576	4.924.479	568.843	15.286.898
31.12.2014 .....	10.127.684	4.860.066	544.799	15.532.549

## Skýringar, frh.:

### 11. Rekstrarfjármunir frh.:

	Rafveitukerfi	Hitaveitu- vatnskerfi	Fasteignir og fjármunir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2015 .....	11.910.286	5.831.400	812.256	18.553.942
Keypt á árinu .....	666.285	199.688	134.895	1.000.868
Selt á árinu .....	0	0	( 50.957)	( 50.957)
Staða 31.12.2015 .....	12.576.571	6.031.088	896.194	19.503.853
<b>Afskriftir</b>				
Afskriftir 1.1.2015 .....	1.782.602	971.334	267.457	3.021.393
Afskrifað á árinu .....	375.759	187.254	3.947	566.960
Selt á árinu .....	0	0	( 15.784)	( 15.784)
Staða 31.12.2015 .....	2.158.361	1.158.588	255.620	3.572.569
<b>Bókfært verð</b>				
1.1.2015 .....	10.127.684	4.860.066	544.799	15.532.549
31.12.2015 .....	10.418.210	4.872.500	640.574	15.931.284

#### Veðsetning eigna

Engar eignir eru veðsettar í árslok 2015 né í árslok 2014.

#### Virðisrýrnunarpróf

Kannað var hvort vísbendingar væru um virðisrýrnun og leiddi sú könnun til þess að ekki var talin þörf á virðisrýrnunarprófi.

#### Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat þeirra eigna fyrirtækisins sem metnar eru í fasteignamati nam um 1.359 millj. kr. í árslok 2015 (2014: 1.303 millj. kr.). Vátryggingafjárhæð eigna fyrirtækisins er um 12.526 millj. kr. í árslok 2015 (2014: 12.180 millj. kr.).

## Skýringar, frh.:

### 12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Nýtingarréttur
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða 1.1.2014 .....	579.070
Staða 31.12.2014 .....	<u>579.070</u>
<b>Afskriftir</b>	
Staða 1.1.2014 .....	82.428
Afskrifað á árinu .....	16.555
Staða 31.12.2014 .....	<u>98.983</u>
<b>Bókfært verð</b>	
1.1.2014 .....	496.642
31.12.2014 .....	480.087
<b>Nýtingarréttur</b>	
<b>Kostnaðarverð</b>	
Staða 1.1.2015 .....	579.070
Staða 31.12.2015 .....	<u>579.070</u>
<b>Afskriftir</b>	
Staða 1.1.2015 .....	98.983
Afskrifað á árinu .....	16.555
Staða 31.12.2015 .....	<u>115.538</u>
<b>Bókfært verð</b>	
1.1.2015 .....	480.087
31.12.2015 .....	463.533

#### Nýtingarréttur

Félagið hefur eignfært nýtingarrétt vegna samnings sem gerður hefur verið við Vestmannaeyjabæ um nýtingu neðansjávarleiðslu til flutnings ferskvatns til dreifingar í Vestmannaeyjum. Samningurinn er til 35 ára.

### 13. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2015		2014	
	Eignarhlutur	Bókfært verð	Eignarhlutur	Bókfært verð
Netorka hf. ....	8,79%	9.943	8,79%	9.943
DMM lausnir ehf. ....	13,75%	24.161	11,88%	20.339
Landsvarmi ehf. ....	20,00%	110	20,00%	110
		<u>34.214</u>		<u>30.392</u>

### 14. Rekstrarvörubirgðir

Rekstrarvörubirgðir félagsins samanstanda af efnisbirgðum og varahlutum.

	2015	2014
Rekstrarvörubirgðir .....	334.460	337.468
Niðurfærsla rekstrarvörubirgða .....	( 22.539)	( 22.539)
	<u>311.921</u>	<u>314.929</u>

## Skýringar, frh.:

### 15. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	2015	2014
Viðskiptakröfur .....	894.132	738.666
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 36.770)	( 64.786)
Krafa á HS Orku hf. ....	8.459	23.579
Aðrar kröfur .....	26.763	28.444
Niðurfærsla annarra krafna .....	( 19.687)	( 19.687)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals .....	872.897	706.216

### 16. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði, innlendum skuldabréfum og innlendum innstæðum.

### 17. Eigið fé

#### Hlutfé

Heildarhlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.074 millj. kr. í árslok og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hluta í félaginu, auk réttar til arðgreiðslu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

#### Lögbundinn varasjóður

Heimilt er að nota lögbundinn varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en einum fjórða hluta hlutafjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutféð eða til annarra þarfa. Í kjölfar lækkunar á hlutfé á árinu var lögbundin varasjóður lækkaður í lögbundið lágmark.

#### Arður

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður en hins vegar keypt eigin hlutabréf fyrir 500 m.kr. Á árinu 2015 var greiddur út arður að fjárhæð 450 millj. kr (0,34 kr. á hlut) og keypt eigin bréf fyrir 2.000 m.kr.

### 18. Hagnaður á hlut

#### Grunn- og þynntur hagnaður á hlut

	2015	2014
Hagnaður ársins .....	779.754	804.304
<b>Vegið meðaltal útistandandi hluta:</b>		
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta .....	1.074.300	1.336.429
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut .....	0,69	0,60

### 19. Vaxtaberandi skuldir

Hér eru upplýsingar um samningsbundin lánskjör af lántökum félagsins, sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 24.

	31.12.2015	31.12.2014
<b>Langtímaskuldir</b>		
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa með fjárhagsskilyrðum .....	8.769.290	6.229.544
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	( 326.074)	( 209.702)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals .....	8.443.216	6.019.842
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Næsta árs afborgun langtímaskulda .....	326.074	209.702
Vaxtaberandi skuldir samtals .....	8.769.290	6.229.544

## Skýringar, frh.:

### 19. Vaxtaberandi skuldir frh. Skilmálar vaxtaberandi skulda

Lokagjalddagi	31.12.2015		31.12.2014	
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Verðtryggðar skuldir í ISK ... 2016-2033	3,8%	8.769.290	4,0%	6.229.544
Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:			<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
Árið 2015 .....				209.702
Árið 2016 .....			326.074	217.640
Árið 2017 .....			338.416	225.878
Árið 2018 .....			1.530.310	1.390.447
Árið 2019 .....			364.520	243.301
Árið 2020 .....			378.318	252.511
Árið 2021 - 33 .....			6.131.268	4.092.355
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun .....			9.068.906	6.631.834

Langtímaskuld fyrirtækisins, skuldabréf til 10 ára útgæfið 2008 var að stærstu leyti endurfjármagnað á árinu 2013 með útgáfu skuldabréfaflokks, HSVE 13 01 sem gefinn var út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands 18. apríl 2013. Flokkurinn er 5.623.825 þús. króna að nafnvirði og ber 3,75% verðtryggða vexti. Höfuðstóll og vextir greiðast með 40 jöfnum greiðslum (e. annuity), fyrsta greiðsla var 15. desember 2013 og greiðist á sex mánaða fresti þar eftir.

Nýr skuldabréfaflokkur HSVE 15 01 var gefinn út á árinu rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands. Nýi flokkurinn er 2.500 milljónir króna að nafnvirði og ber 3,75% verðtryggða vexti. Höfuðstóll og vextir greiðast á sex mánaða fresti þar á eftir. Síðar á árinu var flokkurinn sameinaður HSVE 13 01.

Afföll vaxtaberandi skulda nema um 299,6 milljónum króna í árslok 2015 (2014: 402,3 mkr) og eru færð til lækkunar bókfærðu virði og gjaldfærð yfir líftímann.

### 20. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig

	2015	2014
Staða 1.1. ....	1.146.227	1.086.621
Tekjuskattur ársins .....	140.406	146.212
Tekjuskattur til greiðslu .....	( 92.926)	( 86.606)
Tekjuskattsskuldbinding 31.12. ....	1.193.707	1.146.227

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:

	2015	2014
Rekstrarfjármunir .....	1.207.094	1.168.608
Rekstrarvörubirgðir .....	( 1.163)	( 1.133)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	( 2.195)	( 9.185)
Fyrirfram innheimtar tekjur .....	( 10.085)	( 12.102)
Frestun gengismunar skattalega .....	55	39
Tekjuskattsskuldbinding 31.12. ....	1.193.706	1.146.227

## Skýringar, frh.:

### 21. Aðrar langtímaskuldir

Félagið hefur tekið þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. Ástæðan er sú að hluti starfsmanna HS Veitna hf. (og til ársins 2015 hluti starfsmanna HS Orku hf. sem unnu fyrir HS Veitur samkvæmt verksamningi) eru enn að auka réttindi sín, sem þá hefur hækkað skuldbindingu HS Orku hf, sem annast greiðslur vegna þessara skuldbindinga til viðeigandi lífeyrissjóða. Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. var til ársins 2015 greidd með álagi á keypta þjónustu HS Orku hf., en greiðslur til HS Orku hf. vegna þessa námu 40,6 m.kr. á árinu.

Að auki hefur hlutdeild HS Veitna hf. í eldri lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. verið færð sem langtímaskuld við HS Orku hf. Stóð skuldin í árslok í 504 m.kr., en í árslok 2014 stóð hún í 395,5 m.kr. Hækkun ársins var 149,1 m.kr. (2014: 64 m.kr. hækkun frá árinu 2013.) Ágreiningur er milli félaganna um stöðu og lögmæti þessarar langtímaskuldar.

Í ársbyrjun 2015 færðust 83 starfsmenn HS Orku hf. til HS Veitna hf. Þar af leiðandi þurfti að endurskoða verksamning milli félaganna. Við þá endurskoðun komust stjórnendur HS Veitna hf. að þeirri niðurstöðu að meðhöndlun á hlutdeild félagsins í lífeyrisskuldbindingu HS Orku hf. væri ekki í samræmi við skiptingu eigna og skulda þegar Hitaveitu Suðurnesja hf. var skipt upp árið 2008 í þessi tvö félög. Hún væri jafnvel ólögmæt. Því var gerður viðauki til eins árs í janúar 2015 við nýja verksamninginn og samkvæmt viðaukanum greiddu HS Veitur hf. ákveðna mánaðarlega upphæð til HS Orku. Í viðaukanum kom fram að stefnt væri að því að leysa úr þessum ágreiningi á árinu 2015 en það tókst ekki og því ekki í gildi neitt samkomulag um greiðslur HS Veitna til HS Orku frá 1.1.2016. HS Veitur hf. hafa óskað eftir viðræðum um málið en ljóst er að niðurstöður vegna ágreiningsins getur einungis verið HS Veitum hf. til bóta, ef frá er talinn hugsanlegur málskostnaður vegna ágreinings aðila, þar sem meðhöndlun langtímaskuldarinnar í ársreikningi þessum er með sama hætti og áður.

### 22. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur vegna lotunar tengigjalda námu í árslok 2015 621 millj. kr. (2014: 656 millj. kr.). Sá hluti fyrirfram innheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári er færður meðal skammtímaskulda og nemur í árslok 2015 um 91 millj. kr. (2014: 87 millj. kr.).

### 23. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2015	2014
Viðskiptaskuldir .....	254.956	194.857
Skuld við HS Orku hf. ....	209.390	240.643
Aðrar skammtímaskuldir .....	135.504	34.205
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	92.926	86.606
Aðrar skammtímaskuldir samtals .....	692.776	556.311

### 24. Fjármálagerningar

#### Lánsáhætta

Mesta mögulega tap félagsins vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

	Skýr.	2015	2014
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	15	872.897	706.216
Handbært fé .....	16	2.691.415	2.114.081
		3.564.312	2.820.297
Mesta mögulega tapsáhætta viðskiptakrafna á reikningsskiladegi:			
Viðskiptakröfur, án niðurfærslu .....		894.132	738.666
		894.132	781.926

## Skýringar, frh.:

### Virðisrýmun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla á reikningskiladegi voru eftirfarandi:

	2015		2014	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur .....	822.040	1.924	593.931	2.023
0 - 30 daga .....	15.641	1.050	24.680	1.816
31 - 60 daga .....	9.480	1.152	14.139	1.874
61 - 90 daga .....	3.867	1.600	4.461	1.349
91 dags og eldri .....	43.104	31.045	101.455	57.724
	894.132	36.771	738.666	64.786

## 24. Fjármálagerningar, frh.:

### Lánsáhætta

Breyting niðurfærslu krafna greinist þannig:

	2015	2014
Niðurfærsla 1.1. ....	84.486	111.690
Afskrifaðar kröfur .....	( 42.725)	( 32.950)
Niðurfærsla ársins .....	14.710	5.746
Niðurfærsla 31.12. ....	56.471	84.486

### Lausafjárahætta

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur greinast þannig:

	Bókfært verð	Innan árs	Eftir 1 - 2 ár	Eftir 2- 5 ár	Eftir meira en 5 ár
<b>31. desember 2015</b>					
Vaxtaberandi					
langtíma- skuldir .....	8.769.290	681.405	681.403	3.095.712	8.664.796
Viðskipta- skuldir og aðrar skammtíma- skuldir .....	692.776	692.776			
<b>31. desember 2014</b>					
Vaxtaberandi					
langtíma- skuldir .....	6.229.544	458.884	458.434	2.471.737	5.605.012
Viðskipta- skuldir og aðrar skammtíma- skuldir .....	556.311	556.311			

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins eru einvörðungu í íslenskum krónum sem og tekjur þess og gjöld.

### Vaxtaáhætta og verðbótaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:



## Skýringar, frh.:

	2015	2014
<b>Fjármálagerningar með fasta vexti</b>		
Verðtryggðar fjárskuldir .....	8.769.290	6.229.544

### Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar félagsins með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörstigi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins. Óveruleg vaxtaáhætta er til staðar.

## 24. Fjármálagerningar, frh.:

### Næmnigreining vegna verðbóta

Ef verðlag hefði verið 1% hærra á uppgjörstigi hefði afkomu ársins eftir tekjuskatt hækkað (lækkað) um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2014.

	2015	2014
Verðtryggðar fjárskuldir .....	( 10.523)	( 7.475)

Lækkun verðlags um 1% hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

### Gangvirði

Gangvirði og bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi greinist þannig:

	2015		2014	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir .....	8.769.290	8.549.439	6.229.544	5.928.905

Gangvirði sem er ákvarðað vegna skýringa, er reiknað núvirði framtíðarflæðis höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum á uppgjörstigi.

### Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði		Lán og kröfur	Fjáreignir til sölu	Samtals
<b>2015</b>					
Eignarhlutir í öðrum félögum .....				34.214	34.214
Viðskiptakröfur .....		857.362			857.362
Aðrar skammtímakröfur .....		15.535			15.535
Handbært fé .....		2.691.415			2.691.415
Samtals eignir .....	0	3.564.312		34.214	3.598.526
Vaxtaberandi skuldir .....	8.769.290				8.769.290
Viðskiptaskuldir og aðrar sk.sk. ....	483.386				483.386
Samtals skuldir .....	9.252.676		0	0	9.252.676
<b>2014</b>					
Eignarhlutir í öðrum félögum .....				30.392	30.392
Viðskiptakröfur .....		673.880			673.880
Aðrar skammtímakröfur .....		32.336			32.336
Handbært fé .....		2.114.081			2.114.081
Samtals eignir .....	0	2.820.297		30.392	2.850.689
Vaxtaberandi skuldir .....	6.229.544				6.229.544
Viðskiptaskuldir og aðrar sk.sk. ....	315.668				315.668
Samtals skuldir .....	6.545.212		0	0	6.545.212

## Skýringar, frh.:

### 25. Skuldbindingar

Í lögum um hlutafélög er kveðið á um að ef kröfuhafi í félagi, sem skipt hefur verið, fær ekki fullnustu kröfu sinnar hjá því félagi sem kröfuna skal greiða bera önnur þáttökufélög í skiptingunni óskipta ábyrgð á skuldbindingum sem stofnast höfðu þegar upplýsingar um skiptingaráætlunina voru birtar. Ábyrgð hinna viðtökufélaganna takmarkast þó við nettóverðmæti þess eigin fjár sem rann til þeirra þegar áætlunin var birt. Er félagið því ábyrgt fyrir skuldbindingum HS Orku hf. að fjárhæð 9.449 millj. kr. í árslok 2015 (2014: 9.449 millj. kr.) en heildarfjárhæð þeirra lána sem skuldbindingin nær til var 9.946 m.kr. í árslok. Samkvæmt árshlutareikningi sem HS Orka skilaði þann 12. nóvember 2015 var heildarhagnaður tímabilsins janúar til september 2015 um 172 millj. kr. (2014: 1.142 millj. kr. tap), eigið fé félagsins var 59,7% þann 30. september 2015 (2014: 60,7%) og handbært fé frá rekstri var 1.828 millj. kr. (2014: 1.753 millj. kr.). Er það mat stjórnenda að líkur á að á þessa ábyrgð reyni séu hverfandi. Endanlegur ársreikningur HS Orku hf. fyrir árið 2015 liggur ekki fyrir.

### 26. Þjónustu- og verkkaupasamningar

Félagið kaupir þjónustu af HS Orku hf. samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Á grundvelli samningsins kaupir félagið þjónustu vegna bókhalds, starfsmanna- og gæðamála, skjalastjórnun auk þjónustu vegna öryggis- og kynningarmála. HS Veitur selja síðan HS Orku hf. þjónustu á sviði þjónustuborðs, reikningagerðar, innheimtu, upplýsingakerfa og viðhalds fasteigna.

### 27. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða veruleg áhrif. Félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð eða hefur veruleg áhrif teljast tengdir aðilar. Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdra grundvelli.

Upplýsingar um laun stjórnar og forstjóra koma fram í skýringu nr. 7.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2015:	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
HS Orka hf. ....	1.408.244	91.395	8.459	209.390
Reykjanesbær, hluthafi .....	4.151	124.807	17.714	0
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	10.904	89.319	12.134	0
	1.423.299	305.521	38.307	209.390

  

Viðskipti við tengd félög árið 2014:	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
HS Orka hf. ....	2.013.771	71.804	23.759	240.643
Reykjanesbær, hluthafi .....	9.642	130.845	32.536	0
Hafnarfjarðarbær, hluthafi .....	3.525	88.086	12.992	47
	2.026.938	290.735	69.287	240.690

### 28. Atburðir eftir reikningsskiladag

Fyrir liggur samþykkt hluthafafundar um að félagið geri hluthöfum tilboð í eigin hlutabréf samtals fyrir 500 milljónir króna.

### 29. Samþykki ársreiknings

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 19. febrúar 2016.